

Tollafgreiðsla notaðra bíla - Leiðbeiningar

Til að geta tollafgreitt notaða bíla þarf eftirfarandi pappíra/upplýsingar:

- Tilkynningu frá flutningsaðila
- Upplýsingar um allan erlendan kostnað
- Vörureikning
- Erlent skráningarskírteini.
- Útfyllta beiðni um tollafgreiðslu
- Íslenskt fastanúmer

1. Þegar bíll er kominn til landsins þarf að afhenda pappíra í afgreiðslu Jóna Transport í Kjarlavorgi 2. hæð til tollskjalagerðar. Þeir pappírar sem koma til landsins með bílnum eru yfirleitt farmtrygging, reikningur og frumrit af erlendu skráningarskírteini.

Mikilvægt er að allar upplýsingar um erlendan kostnað vegna forflutnings erlendis komi fram. Einnig þarf að taka fram hvort einhverjir hlutir (t.d. dekk) fylgi bílnum.

2. Fara í Umferðastofu, Borgartúni 30 og fá fastanúmer (bílnúmer)

Leggja þarf inn frumrit af erlendu skráningarskírteini (Original Title) og farmbréfi frá farmflytjanda / flutningsaðila.

Jónar Transport bjóða upp á þá þjónustu að sækja um fastanúmer og er greitt sérstaklega fyrir það.

Hægt er að fá leigð rauð númer hjá skoðunarstöðvum þar sem ekki er leyfilegt að aka bifreið án númers.

3. Gefa þarf tolladeild Jóna Transport upplýsingar um fastanúmer bifreiðar þegar skráning þess liggur fyrir hjá Umferðarstofu.
4. Tollskýrsla er lögð inn til tolls og mun afgreiðsla þar taka að jafnaði 7 virka daga. Allar bílaskýrslur fyrir notaða bíla eru á pappír.

Fulltrúi tolladeildar Jóna Transport lætur móttakanda vita þegar tollheimild er komin.

5. Þegar tollheimild er komin þarf að greiða öll aðflutningsgjöld nema vörugjöld. Gjöld þessi koma til greiðslu hjá Tollstjóranum í Reykjavík við Tryggvagötu eða hjá Tollstjóranum í Hafnarfirði við Strandgötu (háð því hvar bíllinn er tollafgreiddur). Einnig er hægt að greiða gjöld fyrir bíla, (tollafgreidda í Reykjavík) í Landsbankanum við Holtabakka sem er eini bankinn í Reykjavík sem tekur á móti þessum greiðslum.
6. Greiða flutningsgjöld og sækja bíl hjá farmflytjanda. Framvísa þarf staðfestingu, (afhendingarheimild) tolls.
7. Farið er með bíllinn á þá skoðunarstöð sem númeraplötur, (fastanúmer) farartækis eru sendar til. Vörugjöld eru greidd á skoðunarstöð.